

SKÓLAREGLURNAR OKKAR SKÓLAÁRIÐ 2024-2025

➤ **Virðing – samskipti - líðan**

Sýnum virðingu í samskiptum. Sýnum tillitssemi, kurteisi og þolinmæði.

Ekki meiða, ekki sparka, ekki kasta steinum.

Mætum tímanlega í skólann.

Ekki grípa fram í og ekki rífa kjaft.

Virðum persónulegt rými, æfum okkur í að setja mörk og virða mörk annara.

Hjálpumst að – vinnum saman – tölum fallega (notum fallegan tón)– segja: stopp ég

vil þetta ekki (rólega) og útskýra fallega – leyfum öllum að vera með, ekki skilja útundan.

Ef maður fer í uppnám er gott að – anda djúpt – telja upp á tíu – hugsa: Hvað get ég gert til að láta mér líða betur?

➤ **Friður og Umgengni**

Göngum vel um; ganga frá skóm á réttan stað, ganga frá stólum í stofu o.s.frv.).

Förum vel með raftækin okkar, svo sem tölvur og i-pada. Leysum flækjur í samskiptum með jákvæðni í stað þess að ásaka, benda á. Vinna saman (t.d. frekar en að segja þetta er ekki eftir mig).

Þegar maður er búin að taka til eftir sig þá getur maður hjálpað hinum að klára.

Förum varlega og verum ekki með læti. Tryggjum frið og ró í vinnu- jafnt sem samverustundum. Notum inniröddina inni.

➤ **Rafræn samskipti**

Munum að sömu reglur gilda í rafrænum samskiptum á samfélagsmiðlum og öðrum samskiptum innan sem utan skóla. Verum kurteis og varkár í samskiptum okkar á stafrænum miðlum setjum okkar eigin mörk og virðum mörk annara.

➤ **Til fyrirmyndar**

Verum góðar fyrirmyndir og skólanum til fyrirmyndar hvert sem við förum.

➤ **Umferðareglur**

Fylgjum umferðarreglunum (t.d. ekki fara út á götu, nema með leyfi kennara).

Viðurlög, ef um eitt brot er að ræða þá eru málin rædd (fyrsta viðvörðun), ef annað brot er gert þá er önnur viðvörðun og rætt við foreldra, í framhaldi er unnið markvisst að því að bæta okkur.